

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1988

5. janúar 1988

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 223/1987 um sérstakt jöfnunargjald
af kartöflum og vörum unnum úr þeim.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu sérstakt 40% jöfnunargjald af kartöflum og vörum unnum úr þeim, sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer í 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl.:

0710.1000	2001.9001	1105.2001
0711.9001	2004.1000	1105.2009
1712.1000	2005.2000	1903.0001
		1903.0009

Ráðherra er heimilt að fella niður jöfnunargjald af vörum sem falla undir framan-
greinda tollflokka, enda séu vörurnar fluttar inn sem hráefni til umtalsverðrar innlendar
iðnaðarframleiðslu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25, 5. maí 1986, um breytingu á
lögum nr. 46, 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast gildi
þegar í stað og tekur til þeirra vara sem um ræðir í 1. gr. og ótollafgreiddar eru á þeim tíma.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. janúar 1988.

F. h. r.

Jón Höskuldsson.

Sveinbjörn Eyjólfsson.